

Múrbúðin ehf.
Kletthálsi 7
110 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2021
UST202110-060/H.I.I.
07.06.02

Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 29.10.2021 með niðurstöðu eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 7 – rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu; 8 – viðarvarnarefni; 14 – nagdýraeitur; 18 – skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21 – gróðurhindrandi vörur, sem fyrirtækið Múrbúðin ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur sent stofnuninni afrit af merkimiðum fyrir vörurnar *Colorex Copperol*, *Colorex Grundolja Classic Primer oil* og *Träolja Klassisk Premium* ásamt skjáskoti af birgðastöðu vörunnar *ODEN eðalolíu* sem staðfestir frásögn fyrirtækisins að varan sé ekki lengur til í verslun eða á vörulager. Fyrirtækið hefur því orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með sæfivörum sem falla undir vöruflokkana sem taldir eru upp hér að ofan og aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem féllu undir umfang verkefnisins. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Múrbúðin ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 13.200,-.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.¹

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið hafdisi@ust.is.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/>